

Atvinnuveganefnd Alþingis.  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 21. mars 2013.

**Varðar: Framhaldsumsögn Svínaræktarfélags Íslands um frv. til laga um velferð dýra (heildarlög), þskj. nr. 316 – 283. mál – Lögð fram á fundi atvinnuveganefndar Alþingis hinn 21. mars 2013.**

Fulltrúar Svínaræktarfélags Íslands (SFÍ) þakka fyrir það tækifæri að fá að koma aftur til fundar við atvinnuveganefnd Alþingis vegna þess frumvarps sem um ræðir.

Ítrekar félagið fyrri athugasemdir sínar við frumvarpið sem fram komu, fyrst í umsögn SFÍ, dags. 18. nóvember 2012, en síðan í framhaldsumsögn félagsins, dags. 3. desember 2012.

Í þeim umsögnum kom fram að SFÍ væri fylgjandi efni frumvarpsins eins og það var þegar það var lagt fram. Lagði SFÍ sérstaka áherslu á að ákvæði 15. gr. þess yrði lögfest óbreytt, ekki síst d.-liður 4. mgr. þar sem fjallað var um geldingar á grísum.

Fyrir liggur að atvinnuveganefnd lagði til, við vinnslu frumvarpsins milli 1. og 2. umræðu um það, breytingar á frumvarpinu, sbr. dskj. 1217 – mál 283. Lagði nefndi til, sbr. 8. tl. breytingatillagna hennar, að þær undanþágur 3. og 4. mgr. 15. gr. sem upphaflegt frumvarp mælti fyrir um, yrðu felldar brott.

Verður ekki betur séð en að þær breytingatillögur hafi verið samþykktar á þingfundi í dag, hinn 21. mars 2013.

Með breytingunni er komið í veg fyrir að svínabændum og starfsmönnum þeirra, sem hafa fengið til þess leyfi samkvæmt lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, hafi heimildir til þess að framkvæma geldingar á grísum sínum samfara verkjastillandi lyfjagjöf.

Telur SFÍ þá breytingu á frumvarpinu afar varhugaverða og leggst alfarið gegn henni, með vísan til sinna fyrri athugasemda, og þess sem að neðan greinir.

---

SFÍ telur að verði frumvarp til laga um velferð dýra lögfest með ofangreindri breytingu þá muni hún hafa í för með sér veruleg vandamál fyrir þá svínabændur sem í greininni starfa. Auk þess telur SFÍ að með breytingunni sé hætt á að velferð svína sé fremur stefnt í hættu en hún tryggð, þar sem með breytingunni sé verið lögfesta fyrirkomulag sem ekki sé framkvæmanlegt. Ennfremur sé ljóst að verði frumvarpið lögfest svo breytt muni tilkostnaður svínabænda stóraukast, sem muni fyrirsjáanlega leiða til hækkunar á verðlagi svínaafurða til neytenda.

Í því nefndaráliti sem fylgir breytingatillögum nefndarinnar, sbr. þskj. 1216 – 283. mál, er vísað til fyrirmynda frá Danmörku varðandi ýmis markmið og áherslur sem leggja ber til grundvallar og frumvarpinu er ætlað að ná fram.

Eru þau sjónarmið í samræmi við þær áherslur sem fram koma í framhaldsumsögn SFÍ til nefndarinnar, dags. 3. desember 2012, en þar segir:

*„Á undanförnum misserum hefur náðst mikill árangur í svínarækt á Íslandi, ekki síst hvað varðar meðhöndlun og velferð dýra. Hafa laga- og reglugerðarákvæði tekið nokkrum breytingum og þokast í þá átt sem þekkist í Danmörku. Hefur sú þróun verið til mikilla bóta.“*

SFÍ bendir á að fyrirkomulag um geldingar á grísum, og þar með þær undanþáguheimildir sem kveðið var á um í 4. mgr. 15. gr. frumvarpsins, voru að danskri fyrirmynd og í samræmi við það fyrirkomulag og reglur sem um þær gilda í Danmörku.

Sérstaka athygli vekur hins vegar að með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu hefur verið fallið frá því að leggja hinar dönsku fyrirmyndir til grundvallar, a.m.k. hvað varðar geldingar á grísum.

SFÍ leggur þunga áherslu á að ákvæði íslenskra laga sem mæla fyrir um aðgerðir á dýrum og meðhöndlun þeirra séu sambærileg lagaákvæðum sem gilda í Danmörku.

Óumdeilt er að Danmörk er leiðandi þjóð á sviði svínaræktar í heiminum. Þá reynslu og þekkingu sem byggst hefur upp í Danmörku um áratugaskeið á að mati SFÍ að leggja til grundvallar lagasetningar á Íslandi um aðbúnað og velferð dýra, þ. á m. varðandi geldingar.

Með því að fara aðrar leiðir í íslenskrari svínarækt en danskri, eins og nú virðist stefnt að með þeim breytingum á frumvarpinu sem samþykktar hafa verið, er hætt við því að þeir sem starfa við greinina verði fyrir tjóni, velferð dýranna stefnt í hættu, auk þess sem samkeppnishæfni íslenskra framleiðenda verður skert gagnvart erlendum framleiðendum.

SFÍ bendir sérstaklega á að hér á landi hefur öll umgjörð og skipulag svínabúa tekið mið af svínarækt í Danmörku. Hafa forsvarsmenn svínabænda lagt á það þunga áherslu að á Íslandi sé fyrst og fremst leitað fyrirmynda í Danmörku hvað varðar málefni svínaræktarinnar. Hafa íslenskir svínabændur m.a. í því skyni fjárfest í flestum sínum framleiðslutækjum og búnaði frá dönskum framleiðendum og leitað þar fyrirmynda að öðru leyti í sinni starfsemi.

Telur SFÍ að ef ætlun löggjafans sé nú sú að styðjast við fyrirkomulag geldinga sem unnið er eftir annars staðar en í Danmörku, sem er mjög frábrugðið því umhverfi og skipulagi í svínarækt en þar tíðkast, þá muni slík lagasetning og stefnumörkun hafa í för með sér mjög alvarlega annmarka, enda sé með því verið að lögfesta fyrirkomulag sem ekki sé framkvæmanlegt.

Varar SFÍ við því að lögfest séu ákvæði á Íslandi um aðgerðir á dýrum og meðhöndlun þeirra, sem er frábrugðin þeim lagaákvæðum sem gilda um sama efni hjá þeirri þjóð sem er leiðandi á þessu sviði landbúnaðar, þ.e. Danmörku.

Telur SFÍ að verði frumvarpið lögfest í þeirri mynd sem það er nú muni slík lagasetning fyrirsjáanlega kalla á lagabreytingar strax á næsta löggjafarþingi.

Leggur SFÍ því þunga áherslu á að á Íslandi gildi sambærilegar reglur um geldingar á grísum og gilda í Danmörku.

---

SFÍ bendir enn fremur á að verði geldingar almennt bannaðar frá árinu 2018 er ljóst að svo viðamikil breyting í búrekstri kallar á umtalsverðar breytingar. Þær breytingar munu snerta fleiri en svínabændur.

Verði slík bannregla lögfest er t.d. fyrirsjáanlegt að breyta þurfi þeim reglum sem nú gilda um kjötmat er varða m.a. þyngdarmörk galta sem ekki hafa hlotið geldingu, auk þess sem nauðsynlegt verður að meta sérstaklega gelti sem fengið hafa meðhöndlun með bóluefni gegn galtalykt.

Þá er fyrirsjáanlegt að afurðastöðvar þyrftu að endurskipuleggja verkferla og vinnslu afurða komi til slíkra breytinga.

Því telur SFÍ að verði lagt almennt bann við geldingum grísa frá árinu 2018 sé afar nauðsynlegt á næstu missirum verði vandað til undirbúnings í aðdraganda slíkra breytinga og að í þeim undirbúningi leiti íslensk stjórnvöld fyrirmynda í Danmörku, m.a. hvað varðar reglur um geldingar á grísum.

---

Í ljósi þess sem að ofan greinir, og með vísan til þeirra athugasemda SFÍ hefur þegar komið á framfæri í sínum fyrri umsögnum til nefndarinnar leggur SFÍ til að atvinnuveganefnd Alþingis leggi til breytingar á frumvarpi til laga um velferð dýra og færi ákvæði 15. gr. frumvarpsins aftur í upphaflegan búning, þannig að tryggt verði að svínabændur og starfsmenn þeirra, sem hafa fengið til þess leyfi samkvæmt lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, hafi heimildir til þess að framkvæma geldingar á grísum samfara verkjastillandi lyfjagjöf, líkt og tíðkast í Danmörku.

**Virðingarfyllst,  
f.h. Svínaræktarfélags Íslands,**



**Hörður Harðarson,  
formaður.**